

Jóna Valborg Árnadóttir  
Elsa Nielsen

# SYSTKINABÓKIN

Fyrir allar fjölskyldur!



Kennsluleiðbeiningar  
Jóna Valborg Árnadóttir 2020





## TIL KENNARA

Systkinabókin er fimmta bókin í bókaseríunni um Sólu. Á undan komu *Brosbókin*, *Knúsbókin*, *Vinabókin* og *Hetjubókin*.

Bækurnar voru upphaflega ekki hugsaðar sem kennslubækur en þar sem þær falla vel að grunnþáttum menntunar sem skilgreindir eru í aðalnámskrá grunnskólanna þótti við hæfi að kynna þær fyrir kennurum í leik- og grunnskóla og auka þannig möguleika þeirra á námsefnisvali.

Bækurnar eru vel til þess fallnar að fá nemendur til að tjá sig, setja sig í spor annarra og stuðla að samkennd og samvinnu. Þá gegna ríkulegar myndskreytingar veigamiklu hlutverki við að efla ímyndunarafl og skerpa athyglisgáfu, því þær vísa oftast en ekki út fyrir sjálfan textann og geta skapað önnur hugrenningartengsl.

Höfundar bókanna eru Jóna Valborg Árnadóttir (hugmynd og texti) og Elsa Nielsen (hönnun og myndlýsingar).

„Samstarf texta- og myndhöfundar er sérstaklega frjótt“ (*Brosbókin*)

Jóna er höfundur kennsluefnisins. Hún er með M.Paed gráðu í íslensku og kennslufræði frá Háskóla Íslands og hefur haldgóða reynslu af því að semja náms-efni og kenna nemendum á ýmsum aldri íslensku, lífsleikni og leiklist.

## HVERNIG NÝTIST SYSTKINABÓKIN Í KENNSLU

Sóla er orðin stóra systir. Hún á erfitt með að finna sig í nýju hlutverki og áttar sig ekki á því fyrr en í lok bókar hvað það er mikilvægt. Hún tekur afdrifaríka ákvörðun sem setur hana og litla bróður í hættu. Sagan endar á spurningunni: „Hvernig sýni þú fjölskyldunni þinni að þér þyki vænt um hana?“ Með því að lesa Systkinabókina og setja sig í spor persóna er hægt að ræða um líðan og hvernig breytingar í lífi okkar geta haft áhrif á það hvernig okkur líður. En það eru alltaf til einhver ráð. Hvað hefði Sóla til dæmis getað gert í staðinn fyrir að gera það sem hún gerði? Hér eru börnin hvött til að tjá sig og hugsa í skynsamlegum lausnum. Þá er hægt að ræða um mismunandi fjölskyldugerðir og hlutverk hvers og eins innan fjölskyldna, hvernig við getum hjálpast að, að við getum öll gert gagn, að við skiptum öll máli, sem einstaklingar, sem fjölskylda og að öll eigum við fjölskyldur. Á titilsíðu bókar stendur: „Ekkert okkar er eins, öll erum við mikilvæg.“

Fjölskylda er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila saman tólmstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimirnir eru oftast fullorðnar manneskjur [...] eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu ([visindavefur.is](http://visindavefur.is)).



## UM KENNSLUEFNIÐ

Til að gefa hugmyndir að því hvernig nálgast megi efnið eru hér settar fram spurningar og verkefni fyrir kennara til að styðjast við í kennslu samhliða lestri bókarinnar. Kennsluefnið er hugsað sem hugmyndabanki sem hægt er að velja úr og byggja upp á fjölbreyttan hátt, allt eftir því hvað hentar hverjum kennara og hópum. Það er nógu viðamikilið svo hægt sé að nota það í þemavinnu en það er líka hnitmiðað og má nota í eitt til þrjú skipti. Efninu er ætlað að hvetja til samræðna og því mikilvægt að nægur tími gefist til þess að tala og hlusta á það sem allir hafa að segja. Gengið er út frá því að allir taki þátt og miðast kennsluaðferðirnar við það. Notast er við umræðu- og spurnaraðferðir, hópvinnuverkefni, ritun og leikræna tjáningu. Með leikrænni tjáningu öðlast nemendur þjálfun í því að vinna saman, því hún gerir þær kröfur til þeirra að þeir hlusti og bregðist við orðum annarra og athöfnum.

## VÍSUN Í KLASSÍSKU ÆVINTÝRIN

Eins og fyrri bækurnar um Sólu getur Systkinabókin gerst hvar og hvenær sem er. Sögurnar eru raunverulegar en samt ekki, allt getur gerst. Til að skapa þennan óræða heim leikur höfundur sér að ýmsum ævintýraminum og setur jafnvel í nýtt samhengi. Það er ekki síður gert til að koma á óvart og hreyfa við þeim fyrirfram mótuðu hugmyndum sem við höfum um tiltekna hópa og virkja ímyndunaraflíð. Hvernig bregðast nemendur til dæmis við því þegar konan með eplin (aldrei nefnd norn) býður Sólu og litla bróður inn? Má ekki reikna með því að hún loki þau inni, éti þau eða skaði á annan hátt, eins og norna er síður? Hvernig fór fyrir systkinunum í ævintýrinu sem við þekkjum svo vel? Það má líka skoða konuna með eplin í fyrri bókum um Sólu. Hvernig birtist hún í þeim? Er ástæða til að óttast hana? Eftir sem áður er kóróna „falin“ á hverri opnu sem veltir upp spurningum um það hvort Sóla sé prinsessa, eða skiptir það kannski ekki máli?

## HUGMYNDABANKINN

Miðað er við að kennari byrji á að lesa Systkinabókina fyrir nemendum eða þeir skiptist á að lesa upp úr bókinni fyrir bekkinn. Gott getur verið að gefa nemendum tækifæri til að undirbúa sig, til dæmis með því að lesa bókina heima eða í tíma, þá hver fyrir sig. Síðan verði farið í umræður og verkefnavinnu. Þær spurningar sem hér hafa verið settar upp til umræðu má nota á ýmsa vegu, ekki er nauðsynlegt að taka þær í ákveðinni röð. Kennari getur varpað völdum spurningum fram og skrifað svör nemenda upp á töflu, hann getur líka setið í hring með nemendum og rætt efnið eftir þörfum þeirra og haft spurningarnar sér til stuðnings. Þá má bjóða nemendum að svara spurningunum á blaði og/eða myndskreyta eða vinna sameiginlega að þeim. Um einstaklings- og/eða hópvinnuverkefni getur verið að ræða, þar sem nemendum er gefinn kostur á að ræða sín á milli í litlum hópum.





## TIL UMRÆÐU - HUGMYNDIR AÐ SPURNINGUM SAMFARA LESTRI

- Hvað er Sóla gömul þegar litli bróðir fæðist?
- Hvernig finnst Sólu litli bróðir lífa út þegar hann fæðist?  
Af hverju finnst henni það?
- Af hverju fyllist heimilið af gestum?
- Af hverju hafði Sóla hlakkað til að verða stóra systir?  
Hvernig líður henni þegar hún er orðin stóra systir?  
Af hverju líður henni þannig?
- Af hverju grætur litli bróðir?  
Hvernig er hægt að hugga hann?
- Af hverju ákveður Sóla að skila litla bróður?  
Hvað finnst þér um þá ákvörðun hennar?  
Hvernig ætli mömmu og pabba líði þegar þau átta sig á því að litli bróðir og Sóla eru farin? Hvernig ætli litla bróður líði þegar hann er ekki hjá mömmu og pabba?  
Hvernig líður Sólu þegar hún er ekki hjá mömmu og pabba?
- Veit Sóla hvert hún á að fara með litla bróður?  
Hvar var litli bróðir áður en hann fæddist?
- Eru Sóla og litli bróðir í hættu þar sem þau eru ein á ferð?
- Af hverju vill Sóla ekki að litli bróðir fari til bakaranna?
- Af hverju vill Sóla ekki að litli bróðir búi í fína kofanum sem hún og Skorri vinur hennar byggðu?
- Af hverju finnst Sólu hún ekki geta farið með litla bróður til ömmu?
- Af hverju hikar Sóla þegar konan með eplin býður henni og litla bróður inn?  
Hvernig líður litla bróður í húsinu hjá konunni með eplin?  
Af hverju líður honum þannig?
- Hvað býður konan með eplin Sólu og litla bróður að borða?  
Af hverju vill hún gefa litla bróður að borða?
- Hver er konan með eplin? Á hvaða ævintýri minnir hús konunnar þig?  
Hvað er öðruvísi við húsið í ævintýrinu og hús konunnar í Systkinabókinni?
- Af hverju fer litli bróðir að hlæja?  
Hvernig bregst Sóla við þegar hann fer að hlæja?  
Hvað ákveður hún að gera í framhaldinu?
- Hvernig líður Sólu þegar hún horfir á litla bróður og hann skríkir af kátínu?  
Af hverju líður henni þannig?



- Hvernig líður litla bróður þegar Sóla heldur með hann heim á leið?  
Af hverju líður honum þannig?
- Hvernig bregst konan með eplin við þegar systkinin halda heim á leið?
- Hvað gerir Sóla með litla bróður á leiðinni heim?  
Hvernig hafa Sóla og litli bróðir breyst í lok bókar?  
Hvað voru þau lengi í burtu?  
Hvað bendir til þess að tíminn hafi liðið?
- Hvernig ætli mömmu líði þegar hún sér Sólu og litla bróður koma heim?  
Hvernig ætli mömmu hafi liðið þennan tíma sem Sóla og litli bróðir voru í burtu?
- Af hverju bíða lögreglubílar eftir þeim? Hvar er pabbi?
- Af hverju hættir Sóla að bíða eftir því að litli bróðir stækki þegar heim er komið?
- Hvað heitir litli bróðir?  
Hvað er hann gamall í lok bókar?  
Hvað eru mörg ár á milli systkinanna?
- Hvað gera Sóla og litli bróðir saman?  
Hvað getur litli bróðir lært af stóru systur sinni?
- Hvernig bregst Sóla við þegar bróðir hennar gerir eitthvað af sér?
- Hvað finnst Sólu um bróður sinn?  
Hvað finnst systkinunum um hvort annað? Hvernig sést það?
- Hvernig sýnir þú fjölskyldunni þinni að þér þyki vænt um hana?
- Skoðaðu orðið fjöl-skylda, hvað finnst þér einkenna fjölskyldu?  
Skrifaðu lýsingu sem byrjar svona: Fjölskylda er...





## RITUN, TJÁNING OG MYNDLÝSINGAR

- Hvernig stelpa er Sóla? Hvað finnst henni gaman að gera?  
Hvernig er samband Sólu við bróður sinn?  
Af hverju er Sóla mikilvæg stóra systir?  
Kennari situr í hring með nemendum og kastar fram spurningum til umræðu.  
Allir fá að segja sína skoðun.
- Hvernig er fjölskyldan þín?  
Nemendur teikna mynd og skrifa lýsingu. Myndir hengdar upp á vegg, sýning.
- Á kápu stendur að Systkinabókin sé „Fyrir allar fjölskyldur“. Hvað er átt við með því?  
Kennari situr í hring með nemendum, hvetur til umræðna og varpar ljósi á mismunandi fjölskyldugerðir.
- Á titilsíðu stendur „Ekkert okkar er eins, öll erum við mikilvæg.“ Hvað er átt við með því?  
Kennari spyr hópinn og skrifar svörin upp á töflu. Umræður.
- Berðu saman heimsókn Sólu og litla bróður við heimsókn annarra systkina í öðru ævintýri. Hvað er öðruvísi? Hvað er eins?  
Nemendur skrifa svörin á blað, teikna mynd eða setja upp leikrit.
- Hvar gerist Systkinabókin? Gæti hún hafa gerst í alvöru? Af hverju/af hverju ekki? Kennari spyr hópinn, umræður.
- Hvað gerist strax eftir að Sóla og litli bróðir koma heim?  
Hvernig bregðast mamma og pabbi við? Fer litli bróðir aftur að gráta?  
Skrifaðu framhald og teiknaðu mynd.
- Skrifaðu bréf til Sólu og segðu henni hvað þér finnst um sögu hennar og Ásláks í Systkinabókinni. Getur þú gefið henni einhver góð ráð?
- Hvernig ætli fjölskylda bakaranna sé?  
Eða fjölskylda Skorra, ömmu eða konunnar með eplin?  
Nemendur teikna mynd og skrifa lýsingu.
- Skrifaðu sögu þar sem Áslákur elst upp
  - (a) hjá bókunum,
  - (b) hjá ömmu,
  - (c) í kofanum sem Sóla og Skorri vinur hennar byggðu,
  - (d) hjá konunni með eplin.Nemendum skipt í hópa og sögurnar settar á svið.
- Skrifaðu auglýsingu þar sem lýst er eftir Sólu og Ásláki í fjölmiðlum.





## LEIKRÆN TJÁNING OG SAMVINNA

- Blaðamaður hefur samband við mömmu, pabba, Sólu og Áslák eftir heimkomuna til að taka við þau viðtal sem á að birtast í Fréttablaðinu. Skiptið í hlutverk og leikið viðtalið. Hvað vill blaðamaður fá að vita og hverju svarar fjölskyldan?
- Nemendur fá fyrirmæli um að búa til kyrrmynd af persónum í Systkinabókinni. Um er að ræða Sólu, litla bróður, mömmu, pabba, ömmu, bakarana, konuna með eplin og gestina sem koma til að sjá litla bróður. Það má ímynda sér að ljósmyndari hafi tekið myndina. Einn nemandi byrjar og setur sig í stellingar fyrir eina persónuna, hann frýs í stellingunni og síðan kemur einn og einn inn í einu inn í myndina. Gott er að kennari gefi merki þegar næsti má fara inn og það ríki þögn á meðan myndin er unnin. Myndin þarf að segja einhverja sögu, lýsa stemningu eða upptöku, annað hvort úr bókinni eða sýna aðra senu eða sögu. Er Áslákur til dæmis orðinn stór og gestirnir enn að dást að honum? Hvað gerir Sóla þá eða amma, jafnvel Skorri eða pabbi? Hvernig tengjast persónur? Er hægt að sjá á svipbrigðum þeirra hvernig þeim líður? Sá sem byrjar gefur tóninn fyrir stemninguna sem ríkir á myndinni en þeir sem koma á eftir geta hæglega breytt henni. Sá nemandi sem fer inn í mynd hefur frelsi til að bæta við myndina eða kollvarpa henni. Hér gefst nemendum tækifæri til að vinna sem ein heild, setja sig í spor annarra, bregðast við athöfnum þeirra, nota ímyndunaraflíð og átta sig á þeim möguleikum sem felast í líkamstjáningu án orða. Þá ber að geta þess að nemendum er frjálst að standa, sitja, liggja eða hvað annað sem þeim dettur í hug, svo framarlega sem þeir segja einhverja sögu með líkamsbeitingu sinni og svipbrigðum. Þegar nemendur hafa öðlast færni í að búa til kyrrmynd getur kennari gefið fyrirmæli um að hún lifni við. Þá öðlast persónurnar í kyrrmyndinni líf með orðum og hreyfingu, þær tala saman. Það gerist þó ekki fyrr en myndin er fullsköpuð og allir nemendur komnir inn í mynd.
- Standið saman tvö og tvö, á móti hvort öðru þannig að þið horfið á hvort annað. Ákveðið hvort ykkar ætlar að byrja. Sá sem byrjar setur upp augljós svipbrigði sem lýsa líðan, til dæmis bros eða annað sem táknar gleði, hamingju, þakklæti, vinsemd o.s.frv. Eða hann setur upp svipbrigði sem tákna sorg, missi, reiði eða leiða. Gefið ykkur tíma til að leika svipbrigðin og sjá hvaða áhrif þau hafa á þann sem horfir á. Skiptið svo um hlutverk þannig að allir fái að prófa að gera svipbrigðin og bregðast við þeim.

